

ÁRSSKÝRSLA UM STARFSEMI FAGRÁÐS EINELTISMÁLA Í GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLUM 2022

SKIPAN, HLUTVERK OG LAGASTOÐ

Mennta- og barnamálaráðherra skipar fagráð eineltismála til þriggja ára senn og var fagráðið fyrst skipað 9. mars 2012. Núverandi skipunartímabil er frá 13. febrúar 2021 til 12. febrúar 2024. Fagráðið er þannig skipað: Aðalmenn: Sigrún García Thorarensen formaður, Eiríkur Þorvarðarson og Sigurbjörg Sigurpálsdóttir. Varamenn: Björg Jónsdóttir, Ólög Helga Þór og Þorlákur Helgi Helgason.

Hlutverk fagráðs eineltismála skv. verklagsreglum er að:

- vera stuðningsaðili við skólasamfélagið í grunn- og framhaldsskólum sem m.a. getur falist í almennri ráðgjöf, leiðbeiningum eða upplýsingagjöf.
- ná ásættanlegri úrlausn í eineltismálum og gefa út ráðgefandi álit þar að lútandi á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem ráðinu berast um hvert og eitt mál. Hægt er að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn innan skóla eða sveitarfélags eða vegna aðgerðaleysis sömu aðila. Skal þá fagráðið veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem því berast. Þeir sem geta leitað til fagráðsins eru nemendur, foreldrar/forráðamenn og starfsfólk grunn- og framhaldsskóla. Einnig aðrir aðilar sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómstundastarfi sem hefur stoð í grunnskólalögum.

Fagráð eineltismála starfar á grundvelli 4. mgr. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 6. mgr. 33. gr. b. laga nr. 92/2008, með síðari breytingum (lög nr. 102/2021). Hlutverk þess hefur verið nánar útfært í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 og ákvæði í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016. Fagráðið starfar skv. verklagsreglum um starfsemi fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum nr. 30/2019.

FORVARNARHLUTVERK FAGRÁÐS OG VERKEFNI ÞEIM TENGD

Fagráði eineltismála er ætlað að vera styðjandi við skólasamfélagið í þessum viðkvæma málaflokki og innan þess ramma er forvarnarhlutverk fagráðs mjög mikilvægt. Til að styðja betur við það hlutverk ákvað fagráðið að vinna ýmis verkefni því til stuðnings. Þau verkefni eru:

- Gegneinelti.is.** Ákveðið var að uppfæra upplýsingasíðu fagráðs, sem fólst helst í því að endurskoða texta, bæta inn í fyrstu aðstoðar upplýsingum fyrir grunnskólann: börn/ungmenn og foreldra og fyrir framhaldsskólann: nemendur og foreldra. Einnig var útlit síðunnar uppfært. Með dreifibréfi fagráðs 1.11.2022 var síðan vakin athygli skólasamfélagsins á síðunni og fleiri upplýsingum. Til stendur að gera síðuna myndrænni en því verki var frestað þar sem það liggur fyrir að færa þarf hýsingu síðunnar áður, en hýsingin er hjá Premis og það þótti ekki sæta kostnaði að hefja verkið strax og greiða fyrir það hönnuðum hjá því fyrirtæki.
- Samræmdar eineltisáætlanir á landsvísu.** Fagráð ætlar að leggja fram tillögu um að grunn- og framhaldsskólar á landinu verði með samræmdar eineltisáætlanir og að haldnar verði árlegar æfingar á verkferli þeirra. Þetta verkefni verður unnið í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, en fulltrúi sambandsins mun funda með fagráði eftir áramót.

- 3. Upplýsingar um einelti og líðan nemenda í grunn- og framhaldsskólum-HBSC rannsóknin.** Til að afla sér frekari upplýsinga um líðan nemenda hafði fagráð samband við Ársæl Má Agnarsson hjá Háskóla Íslands og kom hann á fund fagráðs í haustbyrjun. Til undirbúnings fundinum hafði fagráð fengið til sín spurningar þær sem lagðar eru fyrir nemendur í HBSC rannsókninni og farið yfir þær efnislega og á fundinum var athugasemdum fagráð vegna spurninganna komið á framfæri. Var komið á sambandi milli fagráðs og Ársæls með það að markmiði að fagráð geti t.d. fengið upplýsingar um niðurstöður rannsóknarinnar úr einstökum skólum, ef svo ber undir.
- 4. Jaðarsettir hópar.** Aukin hatursorðræða og ofbeldi er í gangi í samfélaginu og staða jaðarsettra hópa m.t.t. þess hefur farið versnandi og til að fá fram sjónarmið um þessi mál fékk fagráð á fund til sín þau Semu Erlu Serdar aðjúnkt hjá Menntavísindasviði HÍ og Daníel E. Arnarsson framkvæmdastjóra Samtakanna '78. Þau voru sammála um að kynsegin og trans krakkar verða fyrir mesta ofbeldinu. Hommar og lesbíur verða einnig fyrir ofbeldi og þá mest vegna kyntjáníngar sinnar. Einelti/hatursorðræða/birtingarmyndir eru orðnar svo margar og samnefnarinn er ofbeldi, en afar erfitt er að skilja á milli og flokka ofbeldið, sem er líka það sem fagráð hefur orðið vart við í starfi sínu.

INNRI MÁLEFNI FAGRÁÐS

- 1. Rafræn vísun máls til fagráðs:** Undirbúningur verkefnisins hófst á árinu 2021 með það að markmiði að hægt sé að vísa málum til fagráðs í gegnum Island.is og börn undir 18 ára hugsanlega með Íslykli. Staða verkefnisins er sú að þjónustusvið MMS er búið að sækja um aðgang á Island.is, en verkefnið er í biðstöðu þangað til að þeirri umsókn kemur. Að mati þjónustusviðs var ekki hægt að verða við þeirri beiðni að hafa á heimasíðu útfyllingarform þangað til rafræna fyrirkomulagið kemst til framkvæmda. Ástæðan er sú að heimasíðan hefur ekki þann möguleika, eins og staðan er í dag.
- 2. Skil gagna fagráðs með Signet Transfer.** Gögn sem fagráð vinnur með eru sem von er viðkvæm og nú hefur verið gengið frá því að hægt er að senda gögn til og frá fagráði á öruggan hátt með notkun Signet Transfer.

FJÁRMÁL

Kostnaðaráætlun fagráðs fyrir árið 2022 var samtals 5 millj. kr. Þar af voru 4 millj. kr. ætlaðar í þóknun fagráðs og 1 millj. kr. í annað (ferðakostnaður málsaðila á fund fagráðs, ferðir fagráðs og annað tilfallandi). Fagráðið fundar að öllu jöfnu tvisvar í mánuði en getur fundað oftast ef þurfa þykir, skv. verklagsreglum. Hver nefndarmaður fær greiddar 25.000.- kr. fyrir hvern fund sem skilgreindur er sem fundur í klukkutíma og tveggja tíma vinna á milli funda. Formaður fagráðs fær greiddar 37.500.- kr. fyrir hvern fund og sá aðili fagráðs sem er í forsvari máls.

*Kostnaður vegna fagráðs eineltismála árið 2022 var **3.780.796.- kr.** sem skiptist þannig:*

Þóknun til fagráðs	3.722.900
Fundaaðstaða og veitingar	57.896
Samtals	3.780.796

Fundir fagráðs og kostnaður

Alls voru haldnir 38 fundir á árinu 2022. Þar af voru 12 fastir fundir fagráðs sem eru að öllu jöfnu haldnir hálfsmánaðarlega, skv. verklagsreglum. Þeir fundir sem út af standa eru vinnufundir og samtalsfundir í vinnu einstakra mála.

KYNNINGARMÁL

Vakin er athygli á því að gerðar hafa verið ítrekaðar tilraunir til að koma fagráði að hjá fjölmiðlum, til kynningar á fagráðinu, starfi þess og sjónarmiðum. Viðbrögðin hafa verið engin eða dræm þangað til mál stúlku í Hraunvallaskóla komst í hámaili í fjölmiðlum. Fagráð nýtti sér þann áhuga fjölmiðla og var formaður fagráðs Sigrún García Thorarensen í viðtali 23.10.2022 á Sprengisandi og var umtalsefnið eineltismál meðal unglinga. Sigrún var einnig í viðtali í fréttum sjónvarps 20.10.2022. Eiríkur Þorvarðarson var í Ísland í bítíð 19.10.2022 og í ársbyrjun hafði verið viðtal við Ólöfu Helgu Þór og Sigurbjörgu Sigurpálsdóttur í Mannlega þættinum á Rás 1.

Gerð auglýsingar. Undirbúningsvinna er hafin að gerð auglýsingar og verður sú vinna aðkeypt af auglýsingastofu. Markmið auglýsingarinnar er að koma fagráði og starfi þess og jákvæðum samskiptum á framfæri.

FYRIRSPURNIR-RÁÐGJÖF

Í þeim fyrirspurnum sem berast fagráði eineltismála er það oftast foreldri sem hefur samband. Af 14 skráðum fyrirspurnum voru tvær þeirra vegna framhaldsskólans.

Það sem fyrirspurnirnar eiga sameiginlegt er aðallega það að málin eru komin á þann stað að eðlilegast væri að vísa þeim til fagráðs. Ráðleggingar snúast þá aðallega um það að upplýsa fyrirspyrjanda um að hafa samband við viðkomandi skólaskrifstofu og gefa þeim tækifæri til að leysa úr málum, en aðkoma fagráðs getur ekki orðið nema að þeim þætti hafi verið fullnægt. Oft á tíðum vita foreldrar ekki af því að sá möguleiki sé fyrir hendi og skólinn er ekki að benda á það. Því miður virðist líka bera á því að skólinn hangir í skilgreiningum hvort málið sé eineltismál eða ekki og ef ekki þá er ekki gripið til verkferils eineltisáætlunar þó svo að það eigi við í flestum þessum tilvikum. Þessar fyrirspurnir hafa svo ekki í framhaldinu ratað til fagráðs sem tilvísanir og vonandi má ráða í það sem svo að skóla og skólaskrifstofu hafi tekist að vinna farsælega að málinu.

ANNAÐ

Hvatningarverðlaun dags gegn einelti. Heimili og skóli sér um umsýslu með degi gegn einelti skv. samningi við Menntamálastofnun. Fagráð eineltismála var beðið um að velja verðlaunahafa hvatningarverðlauna dags gegn einelti úr innsendum tilnefningum eins sl. tvö ár. Fagráðið valdi Írisi Hrund Hauksdóttur náms- og starfsráðgjafa í Hólabrekkuskóla sem verðlaunahafa og voru verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn í Helgafellsskóla í Mosfellsbæ, og flutti formaður fagráðs ræðu við athöfnina.

YFIRLIT YFIR FJÖLDA TILVÍSANA OG ÚTGEFIN RÁÐGEFANDI ÁLIT 2012-2022

Ár	Tilvísanir	Útgefin ráðgefandi álit	Ráðgjöf	Vísað frá	Frh.sk.
2012-2014	17	13		4	
2014-2017	8	7		1	
2018	1	1			1
2019	2	2			1
2020	9	8		1	
2021	9	2	4	3	
2022	3	3	1		

Eins og sjá má í ofangreindu yfirliti var þremur málum vísað til fagráðs á árinu og voru útgefin ráðgefandi álit þess jafnmörg.

SAMANTEKT

Birtingarmyndir eineltis hafa breyst á undanförunum árum. Hér áður fyrr var auðveldara fyrir fullorðna að koma auga á eineltið þar sem það gerðist augliti til auglitis en nú hefur það færst að miklu leyti yfir á samfélagsmiðla þó svo að hið hefðbundna einelti sé einnig alltaf til staðar. Með þessari breytingu hefur einnig orðið erfiðara að eiga við eineltið sjálft og höfum við í fagráði eineltismála orðið vör við þessa breytingu í þeim málum sem fagráð hefur haft undir hendi. Þessi breyting gerir það að verkum að málin eru þyngri og erfiðari viðfangs auk þess sem það reynist skólum oft erfitt að ná utan um þessi mál þar sem þau gerast oft ekki á skólatíma þó svo að afleiðingar þessa stafræna eineltis komi með bæði meintum þolendum og gerendum inn í skólann og skapi erfiðleika þar.

Á samfélagsmiðlum hafa börn vettvang til að senda ljót, hatursfull og niðrandi skilaboð til hvers annars. Þau eru oft á tíðum með nafnlausu aðgangsréikninga sem auðveldar þeim að senda þessi skilaboð auk þess að birta myndir eða myndbönd sem niða önnur börn. Þetta geta þau gert án þess að koma fram undir nafni sem gerir hinum fullorðnu erfitt að vita hvaðan skilaboðin koma.

Þetta kallar á markvissa fræðslu og kennslu í miðlalæsi í skólum. Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 þar sem fjallað er um um Stafræna borgaravitund kemur fram; *Á Íslandi er ekki lögð bein áhersla á stafræna hæfni sem sjálfstæðan lykilþátt í nýjum námskrám grunn- og framhaldsskóla en þessi áhersla kemur að nokkru fram í grunnþáttunum læsi (í viðum skilningi) og í sköpun.*

Fagráð telur að mikilvægt sé að auka vægi fræðslu á miðlalæsi meðal barna og unglinga og kenna þeim að nota þessa tækni á jákvæðan og uppbyggilegan máta.

Með auknum stuðningi og ráðgjöf, markvissri og fyrirbyggjandi fræðslu um góð samskipti auk þess að bæta aðgang að úrræðum innan skólanna og veita starfsfólki fræðslu um þessar nýju birtingarmyndir eineltis gæti verið auðveldara fyrir skólana að takast á við þessi mál. Með því að styrkja það starfsfólk sem vinnur innan skólanna jöfnum við á einhvern hátt þann raunveruleika sem skólar á landsbyggðinni búa við til móts við höfuðborgarsvæðið. Fagráð hefur séð í sínum málum að þau úrræði sem skólum á landsbyggðinni standa til boða eru oft á tíðum mjög fá þar sem langt getur verið í næstu skólaskrifstofu og sú þjónusta standi skólanum ekki til boða nema einhverja daga í viku.

Mál sem koma inn til fagráðs eru oft á tímum og eðli málsins samkvæmt orðin mjög þung og hefur aukist að fjölþættur vandi sé til staðar hjá meintum þolendum og gerendum eða jafnvel báðum. Börn sem eru þolendur eineltis eru oft á tíðum greind með ADHD, málþroskaröskun og/eða einhverfu og kunna þar af leiðandi ekki að takast á við erfið samskipti og túlka þau stundum ekki á réttan máta. Grípa þarf strax inn í eineltismál til að forða því að þau fari í þrot hjá skólum og sveitarfélögum með aukinni fræðslu í skólum þar sem skólar hafa stundum ekki þau verkfæri sem þörf er á. Þessi fræðsla og önnur nauðsynleg úrræði þurfa að vera skólum að kostnaðarlausu svo að fjárhagleg geta sveitarfélagsins stjórni því ekki hvort og hvernig úrræði er hægt að grípa til í erfiðustu tilfellunum.

Fagráð telur mikilvægt að unnið sé að því að samræma eineltisáætlanir allra grunn- og framhaldsskóla á landinu og að undirbúa þurfi eina áætlun sem skólar hafi aðgang að og geti aðlagð að einhverju leyti að sínum skóla. Fagráðið þyrfti jafnframt að vera fyrir leikskólastigið, en þar þurfa forvarnirnar að byrja. Með aukinni áherslu á forvarnarhlutverk fagráðs þykir nauðsynlegt að benda á þetta atriði og minnka þar með skil á milli skólastiga og þau úrræði sem skólum standa til boða.